

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1956
komudagur 1.4.2008



31.3.2008
1A3g/17/221/LÓ/ló

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum


Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir að fá ofanefnt frumvarp til umsagnar.

Heilsugæslan hefur í sjálfu sér engar athugasemdir við það sem í frumvarpinu er en vill koma á farmfæri einni athugasemd. Í lyfjalögum, 24. gr. er fjallað um skyldur lyfsala til að *“hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.”*

Þá segir í 33. grein laganna: *“Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir, að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.”*

Undanfarin ár hefur ítrekað verið skortur á algengum lyfjum um lengri tíma og oftar en ásættanlegt getur talist. Vildi Heilsugæslan því benda á að þörf er á að herða umrætt ákvæði til þess að ábyrgð lyfsala og byrgja verði ljósari og einhver viðurlög verði þá til staðar standi þeir ekki undir skyldu sinni. Þá þyrfti ákvæðið um tiltekin nauðsynleg lyf (Essential Drug List) að vera víðtækara og ná til allra þeirra lyfja sem ávísað er að staðaldri af læknum í heilsugæslunni.

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri